

Júlíus Oddsson (1899-1946) og Sigríður Jörundsdóttir (1911-1989), kaupmenn

Afhending 2021/55

Júlíus Oddsson fæddist 11. október 1899 í Hafnarvík í Hrísey. Foreldrar hans voru Oddur Sigurðsson (1874-1940), skipstjóri og Sigrún Jörundsdóttir (1878-1955), húsmóðir.

Júlíus ólst upp í Hrísey hjá foreldrum sínum. 16 ára gamall fór hann í Gagnfræðaskólann á Akureyri þar sem hann stundaði nám 2 vetur, 1915-1917. Þriðja veturinn sem hann hafði ætlað að vera þar var enginn skóli haldinn, en það var frostaveturinn mikli 1917-1918. Þess í stað fór Júlíus til Reykjavíkur haustið 1919 og lauk prófi frá Verzlunarskólanum í Reykjavík.

Eftir útskriftina vann Júlíus hjá verslun Carls Höepfnars á Akureyri. Eftir nokkur ár þar flutti hann aftur til Hríseyjar, en veiktist fljótlega af berklum og dvaldi nokkurn tíma á berklahælinu á Vífilstöðum.

Árið 1926 stofnaði hann verslun í Hrísey sem hann rak til æviloka. Þá var Júlíus hreppstjóri í Hrísey frá 1939, sýslunefndarmaður frá 1942 og var um skeið formaður Útgerðarmannafélags Hríseyjar, póst- og símstjóri og hafði hin ýmsu umboð á hendi, svo sem fyrir Happraætti Háskólans og Brunabótafélag Íslands.

Sigríður Jörundsdóttir fæddist 4. febrúar 1911 að Botni í Þorgeirsfirði. Foreldrar hennar voru Jörundur Jörundsson (1885-1961), útvegsbóndi og María Friðrika Sigurðardóttir (1888-1940), húsmóðir.

Sigríður ólst upp í Þorgeirsfirði þangað til foreldrar hennar fluttu til Hríseyjar, en faðir hennar var þaðan, móðurbróðir Júlíusar.

Júlíus og Sigríður giftu sig árið 1930 og eignuðust 3 dætur.

Júlíus lést úr nýrnaveiki 23. október 1946. Eftir andlát manns síns tók Sigríður alfarið við versluninni og útgerðinni, auk þess sem hún sinnti starfi póst- og símstjóra í nokkur ár. Árið 1949 flutti Sigríður, ásamt dætrum sínum og tengdamóður, til Reykjavíkur, til að gera dætrunum auðveldara um vik að stunda nám. Í Reykjavík rak hún verslun, söng í kór Fríkirkjunnar og hafði yndi af mynd- og leiklist.

Sigríður lést 15. maí 1989.

Afhendingin barst frá Haraldi Þór Egilssyni, Minjasafni. Önnur afhending frá þeim hjónum er 2005/5.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
22. júní 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2021 / 55

A - Júlíus Oddsson og Sigríður

A - Júlíus Oddsson og Sigríður Jörundsdóttir

1919 - 1946

A	1	1	-	Leyfi Júlíusar og Sigríðar til að giftast án undanfarandi lýsingar 1930 (ljósrit); leyfi fyrir verslun í Hrísey 1936 (ljósrit); leyfi fyrir verslun í Reykjavík 1952 (ljósrit)
A	1	2	1940 - 1946	Sálmaskrár fyrir Odd Sigurðsson (d. 15.03.1940) og Maríu Sigurðardóttir (d. 18.10.1940); dánarvottorð f. Júlíus Oddsson (d. 23.10.1946)
A	1	3	-	Meðmælabréf fyrir Júlíus frá Hallgrími Davíðssyni 1926 (ljósrit); prófskírteini Júlíusar til fullnaðarprófs 1912 (ljósrit); einkunnabók Júlíusar úr Barnaskóla Hríseyjar 1910-1911 (ljósrit)
A	1	4	1937 - 1937	Skuldabréf Júlíusar v. skuldar við Odd Sigurðsson
A	1	5	1919 - 1920	„Þjóðmegunarfræði“, skrifað upp af Júlíusi Oddssyni
A	1	6	1931 - 1931	Bréf á dönsku
A	1	7	-	Ávarp flutt hjá húsgrunni „Varðar“ í blysför félagsins áramótin 1938-1939 (ljósrit); ávarp á sjómannadaginn 1944 (ljósrit)
A	1	8	-	Ættartala Jörundar Jónssonar, óársett (ljósrit)